

**3460. fundur bæjarráðs, haldinn í fjarfundi,
3. júní 2021 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Kristinn Hallur Sveinsson varamaður, Rakel Óskarsdóttir aðalmaður, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. 2103323 - Grundaskóli - uppbygging

Niðurstaða frumhönnunar var til kynningar á sameiginlegum fundi skóla- og frístundaráðs og skipulags- og umhverfisráðs þriðjudaginn 18. maí sl.

Málið var til frekari umfjöllunar hjá skipulags- og umhverfisráði mánudaginn 31. maí síðastliðinn og í skóla- og frístundaráði þriðjudaginn 1. júní síðastliðinn.

Fyrirhuguð er frekari umfjöllun um málið í skipulags- og umhverfisráði mánudaginn 6. júní næstkomandi og sameiginlegur kynningarfundur fyrir bæjarfulltrúa þriðjudaginn 7. júní næstkomandi í aðdraganda bæjarstjórnarfundar sem verður kl. 17:00 þann sama dag.

Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs tekur þátt í hluta fundarins í fjarfundi.

Bæjarráð heimilar að ráðist verði í kaup á þremur lausum kennslustofum og felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.

Útgjöldunum verður mætt innan fjárfestingar- og framkvæmdaáætlunar ársins með tilfærslu verkefna. Unnið er að heildarendurskoðun áætlunarinnar sem kemur til ákvörðunar síðar í sumar.

Samþykkt 3:0

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 08:58.